

Ed.

76. Frumvarp til laga

[71. mál]

um breyting á lögum nr. 95/1981, um Framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl.

Flm.: Eiður Guðnason, Karl Steinar Guðnason, Stefán Benediktsson,
Kolbrún Jónsdóttir.

1. gr.

Í stað orðanna „og verð landbúnaðarvara í heildsölu og smásölu“ í 1. mgr. 5. gr. laganna komi orðin: og hámarksverð landbúnaðarafurða í heildsölu og smásölu.

2. gr.

Orðin „eða garðávexti“ í 11. gr. laganna falli niður.

3. gr.

32. gr. laganna orðist svo:

Landbúnaðarráðuneytið hefur á hendi yfirstjórn innlendrar matjurtaframleiðslu með því að gera áætlanir um uppbyggingu þeirrar atvinnugreinar og með því að beita sér fyrir því að fjármagn fái til framkvæmda í samræmi við slíkar áætlanir. Ráðuneytið setur einnig reglur um mat og gæðaflokkun matjurta. Það getur falið Framleiðsluráði landbúnaðarins að fjalla um sölumál framleiðslu innlendra matjurta, en Framleiðsluráðið skal stuðla að því að fullnægt verði sanngjörnum óskum framleiðenda og neytenda. Ráðuneytið skal stuðla að eftirliti með meðferð matjurta og því að jafnan séu notaðar bestu fánlegar aðferðir við ræktun, flutning, geymslu og vinnslu þeirra.

4. gr.

Í stað 1. másl. 34. gr. laganna komi tveir málsliðir sem orðist svo:

Viðskiptaráðuneytið veitir leyfi til innflutnings á kartöflum og nýju grænmeti samkvæmt almennum reglum í reglugerð er það setur. Í reglunum skal m. a. kveðið á um að leyfi til innflutnings skuli því aðeins veitt að innlend framleiðsla fullnægi ekki eftirspurn og að innflutningsaðili uppfylli kröfur um hollustuvernd. Viðskiptaráðuneytið skal ráðfæra sig við samtök innlendra ræktenda og við samtök kaupmanna áður en gildistími innflutningsleyfa samkvæmt framangreindu er ákveðinn.

5. gr.

36. gr. laganna orðist svo:

Sölufélag garðyrkjumanna skal njóta viðurkenningar sem sölufélag ylræktarbænda, en einnig er heimilt að viðurkenna aðra heildsöluaðila.

Varðandi innflutning og sölu matjurta og gróðurhúsaframleiðslu gilda ákvæði laga nr. 51/1981, um varnir gegn sjúkdómum og meindýrum á plöntum.

6. gr.

Fyrsti málsliður 38. gr. laganna falli niður.

7. gr.

Orðin „d. Heimilt er að taka verðjöfnunargjald af kartöflum til jöfnunar á flutningskostnaði milli sölusvæða“ í 40. gr. laganna falli niður.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu er lagt til að verslun með matjurta- og gróðurhúsaframleiðslu verði færð í frjálsræðisátt frá því sem nú er. Er það skoðun flutningsmanna að slíkt stuðli að aukinni og fjölbreyttari framleiðslu og nánara sambandi framleiðenda og neytenda. Eftir sem áður er þó innflutningur á framangreindri framleiðslu takmarkaður við þann tíma árs sem innlend framleiðsla annar ekki eftirspurn.

Einkaréttur „ríkisstjórnarinnar“ til að flytja til landsins kartöflur og nýtt grænmeti er afnuminn, en Grænmetisverslun landbúnaðarins getur að sjálfsögðu starfað áfram á jafnréttisgrundvelli hvað þann þátt starfseminnar snertir.

Landið allt verður eitt sölusvæði fyrir matjurtir og gróðurhúsaafurðir og veitt er heimild fyrir fleiri aðila en Sölufélag garðyrkjumanna til þess að fá viðurkenningu til heildsölu á innlendri framleiðslu að uppfylltum almennum skilyrðum. Þá er gert ráð fyrir að við opinbera verðákvörðun, er varðar garðávexti, sé aðeins fjallað um „hámarksverð“.

Frumvarpið er samið með hliðsjón af frumvarpi sem Vilmundur Gylfason og fleiri þingmenn Alþýðuflokksins fluttu á 103. löggjafarþingi og einnig með hliðsjón af frumvarpi sem Friðrik Sophusson o. fl. fluttu á 104. löggjafarþingi. Ætti að nást samstaða um afgreiðslu málsins á þessu löggjafarþingi.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er gert ráð fyrir að opinber verðákvörðun verði hámarksverð, en ekki ósveigjanlegt verð eins og nú virðist gert ráð fyrir.

Um 2. gr.

Skýrist af öðrum ákvæðum frumvarpsins.

Um 3. gr.

Með greininni er nánar skilgreint í hverju „yfirstjórn“ landbúnaðarráðuneytisins varðandi innlenda matjurtaframleiðslu er fólgin.

Um 4. gr.

Gert er ráð fyrir að innflutningur á kartöflum og nýju grænmeti sé frjálst á þeim tímum sem innlend framleiðsla annar ekki eftirspurn. Felldur er niður einkaréttur „ríkisstjórnarinnar“ sem í raun hefur verið einkaréttur Grænmetisverslunar landbúnaðarins. Grænmetisverslunin getur eftir sem áður keppt við aðra innflutningsaðila sem fullnægja settum skilyrðum um innflutning á fersku grænmeti.

Um 5. gr.

Með þessari grein er veitt heimild til þess að viðurkenna aðra aðila en Sölufélag garðyrkjumanna til að annast heildsölu á innlendri matjurta- og ylræktarframleiðslu. Leiðir það af því að fleiri innflutningsaðilar munu væntanlega koma sér upp aðstöðu til geymslu og dreifingar á slíkri framleiðslu er hagkvæmt kann að vera að nýta til dreifingar á innlendri framleiðslu einnig.

Um 6. gr.

Gert er ráð fyrir að heimild Framleiðsluráðs til að skipta landinu niður í sölusvæði falli niður þar eð hún getur reynst þröskuldur í vegi hagkvæmra framleiðslueininga og sérhæfingar innan framleiðslugreinarinnar. Notkun heimildarinnar getur einnig reynst andstæð hagsmunum neytenda.

Um 7. gr.

Ástæðulaust er að hafa heimild til töku verðjöfnunargjalds af kartöflum í lögum. Það er skoðun flutningsmanna að aukin samkeppni muni stuðla að því að náttúruskilyrði til kartöfluræktar og markaðsaðstæður falli saman og tryggi neytendum góða og næga vöru á sanngjörnu verði.